

Dagskrá 16. samráðsfundar sambandsins með fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur/fræðslustjórar

15. mars 2022

1. Samtal á grundvelli bókunar með kjarasamningi Þroskaþjálfafélags Íslands við SNS vegna endurmenntunar í grunnskólum sveitarfélaga

Bókunin: *"Aðilar eru sammála um að skipa vinnuhóp með þremur aðilum frá Þroskaþjálfafélagi Íslands og þremur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að fara yfir stöðu endurmenntunar þroskaþjálfara í grunnskólum. Samningsaðilar eru sammála um að tryggja þurfi þroskaþjálfum gott svigrúm til að sinna símenntun og starfsþróun sem sniðin er að þeirra starfi og skilgreind er í sérákvæði 1, 2. grein. Vinnuhópur skal hefja störf í janúar 2021."*

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur fór í að kortleggja stöðu endurmenntunar og starfsþróunar þroskaþjálfara í mars 2021 á grundvelli bókunarinnar og fylgir skýrslan með fundarboðinu.

Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingar á kjarasviði sambandsins, og Alda Árnadóttir, sérfræðingur á grunnskólaskrifstofu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur komu á fundinn.

BÓH sagði samtal þí og SNS hafi snúist um endurmenntunartækifæri þroskaþjálfara í grunnskólum og þeir vildu gjarnan að komið yrði á einum sameiginlegum starfsdegi á landsvísu fyrir þann hóp sem þar starfar. Mjög margir væru einyrkjar í sínum skóla og þyrftu á því að halda að eiga faglegt samtal við kollegana. Þetta væri mál sem þeir þyrftu að taka áfram við sína yfirmenn og innan hvers skóla fyrir sig. Það væri því eðlilegt næsta skref að þroskaþjálfar í grunnskólum myndu byggja þá brú með liðsinni þí og koma óskum sínum á framfæri. Þí væri búið að eiga samtal við skólateymi sambandsins og lagt var til í framhaldinu að fræðslustjórar yrðu upplýstir í framhaldinu og kanna hvort þeir væru tilbúnir í þessa umræðu.

MS sagði skoðanakönnun sem gerð hefði verið meðal félagsmanna hefði endurspeglad þetta ákall um sameiginlegan starfsdag.

AÁ greindi frá því að SFS hefði farið í þá vinnu að fullgilda bókun þroskaþjálfara og í kjölfarið yrði komið á sameiginlegum starfsdegi þeirra í haust (1/2 dagur). Í skólum borgarinnar vinna 68 þroskaþjálfar. Hún sagði nauðsynlegt væri að efla þverfaglegt starf innan skólanna.

Í umræðum var undirstrikað að það væru skólastjórar sem ráðstafi tíma starfsfólks skóla og gæti verið snúið ef e-r ein starfsstétt innan skólans ætti tiltekin dag til ráðstöfunar á starfstíma skóla. Eðlilegra væri að horfa á dagana við upphaf og lok skólaárs, inni í dymbilviku eða þegar nemendur væru ekki í skólanum. Fjölbreytni fagstétta á enn eftir að aukast í skólum og illframtæk manlegt væri ef hver um sig væri með aðra starfsdaga til viðbótar við þá almennu inni á starfstíma skóla. Skólastjórar bera ábyrgð á skipulagi skóla og þeir gera ráð fyrir störfum allra starfsmanna skóla á undirbúningsdögum skóla (5+8) á skólaárinu svo ekki er hægt fyrirfram að skilgreina þá fyrir ákveðnar starfsstéttir innan skólanna án samráðs við skólastjóra. Auk þess er óraunhæft að búa til sameiginlegan undirbúningsdag fyrir alla skóla á landinu. Það er hins vegar hefð fyrir því að hægt sé að halda ráðstefnur innan skólaársins en þá er það ekki sérstaklega á skipulögðum undirbúningsdögum grunnskóla (t.d. ráðstefnur BUGL, RGR, skólasálfræðinga o.fl.)

Að skipuleggja starfsdag felur í sér samtal viðkomandi aðila og það samtal er mikilvægt. Þá var það undirstrikað að þroskaþjálfar í skólum hafa ekki sjálfkrafa sömu vinnutímaskilgreiningu og kennarar þegar þeir hefja störf í skólum og ættu því að hafa gott svigrúm til þess að skipuleggja starfsdaga sína utan starfstíma skóla. Það væri heimild í bókun fylgjandi kjarasamningi þeirra til þess að aðlaga starfstíma þeirra að skólastarfi en ekki skylda. Það ætti því að vera vandalaust að finna þann tíma og þroskaþjálfar þyrfu að hafa frumkvæði að því samtali innan sinna raða og efnistöðum á slíkum námskeiðum.

Þá kom fram að í langflestum sveitarfélögum taka þroskaþjálfar jafnframt þátt í almennum starfsdögum kennara enda mikilvægt að þeir eigi samtöl og samstarf við kennara á þeim vettvangi.

Ákveðið var að skólamálafulltrúi myndi koma þessum upplýsingum til ÞÍ að loknum fundi og gefa boltann til þeirra varðandi frumkvæði að næstu skrefum.

2. Móttaka og stuðningur við börn með flóttabakgrunn í grunnskólum

Til stóð að Krístrún Sigurjónsdóttir, kennslufulltrúi fjölmennningar hjá Hafnarfjarðakaupstað, kæmi á fundinn og færi yfir ýmsar hliðar þessa máls m.a. í ljósi komu flóttamanna frá Úkraínu til landsins. Því miður komst Krístrún ekki á fundinn en Vigfús Hallgrímsson, formaður Grunns, opnaði umræðuna.

Fram kom hjá skólamálafulltrúa að ráðuneytisstjóri hefði boðað til fundar í mennta- og barnamálaráðuneyti í liðinni vikur þar sem móttaka flóttabarna frá Úkraínu var til umræðu og óskaði eftir sjónarmiðum fulltrúa nokkurra hagsmunaaðila. Fram kom að ráðuneytið væri með viðbragðsteymi að störfum varðandi málið sem ynni m.a. að upplýsingamiðlun út til sveitarfélaganna um viðbrögð. Þá kom fram að María I. Kristjánsdóttir (MIK), félagsþjónustufulltrúi, er fulltrúi sambandsins í aðgerðahópi stjórnarráðsins er fjallar um málefni flóttamanna frá Úkraínu.

MIK sagði sumir þeirra sem eru að koma frá Úkraínu ekki tilkynna sig við komuna eða biðja um alþjóðlega vernd. Þeir færu beint til vana og vandamanna og því vandkvæðum bundið ná yfirsýn yfir þann fjölda sem kominn er eða hvert hann fer. Verið er að afla upplýsinga um laust húsnæði og heldur Fjölmenningarsetur utan um öflun þeirra og úthlutun. Afgreiðsla Útlendingastofnunar vegna dvalarleyfa á að ganga hratt fyrir sig. Ekki er farið að huga að skólámálum sérstaklega en þau verða rædd á fundi teymisins síðar í dag. Vitað er af nokkrum börnum sem óskað hefur verið eftir að fái almenna skólavist nú þegar. Undirstrika þarf við forráðamenn og skólastjórnendur að börnin þurfi að fara í heilsufarsskoðun áður en þau fara í leik- eða grunnskóla því berklar eru m.a. ennþá landlægir í Úkraínu.

Í umræðum var spurt um hvernig búast mætti við því að upplýsingar bærust til sveitarfélaganna og hvenær og svaraði MIK því til að aðgerðahópurinn bæri þá ábyrgð og mögulega undirhópur hans en hún ætlaði að ýta á að upplýsingapóstur verði sendir sveitarfélögum. Fram kom m.a. að Árborg og nágrennasveitarfélögin hafa fundað um að samhæfa viðbrögð og ljóst væri að móttakan kallaði á góða mönnum og innviði á mörgum sviðum, sem allt kallar á aukna fjármuni. Mikilvægt væri að koma þeim skilaboðum til ríkisvaldsins.

Rædd var sú hugmynd að einn skóli yrði gerður að móðurskóla þar sem kennarar og fagfólk af úkraínskum uppruna yrði virkjað og eins þyrfti að kortleggja flóttamannahópinn í því skyni að nýta þá faglegu starfskrafta sem þar væri að finna. Ekki væri endilega víst að börnunum væri fyrir bestu að dreifast í marga skóla þann stutta tíma sem eftir lifir af skólaárinu, þau gætu fundið meiri styrk í því að vera meðal samlanda og fá að halda áfram námi skv. úkraínskri námskrá eins og kostur væri. Þetta þyrfti allt að vega og meta í samráði við flóttamennina sjálfa. Dragist þetta skelfingarástand á langinn þyrfti að huga að fjölbreyttari úrræðum í upphafi nýs skólaárs.

Þá kom fram að mikilvægt væri undirbúa starfsfólk skólanna undir móttöku flóttabarnanna ef og þegar þau færu í almenna skóla og slík fræðslu hefur t.a.m. farið fram í Árborg. Þá var áréttað að ekki mætti gleyma framhaldsskólunum í þessu samhengi.

Í lok fundar kom fram sú tillaga að þessi hópur yrði boðaður aftur til fundar á sama tíma í næstu viku til þess að fá frekari upplýsingar.